

## Tilvistarangist Jósefs Biden Saltnámurnar í Bakhmut

Fáir rita af meiri skynsemi um hið andstyggilega stríð í Úkraínu og utanríkismál yfirleitt, en B.K. Bhadrakumar, indverskur sendiherra á eftirlaunum. Í grófum dráttum hefur hann þetta að segja um síðustu þætti Úkraínuleikritsins á hinu stóra leiksviði heimsmálanna.

Það er opinbert leyndarmál, að Natóríkin/Bandaríkjamenn miðla úkraínska hernum upplýsingum úr rauntímanjósnum sínum um Rússa. Það er líka almælt, að vestrænir/bandarískir „ráðgjafar“ beiti þeim hátæknivopnum, sem í Úkraínu finnast, sbr. atvikið, þegar herskipinu, Moskvu, var sökkt á Svartahafi í fyrra, og fjöldi rússneskra nýliða drepinn í Donetsk nýlega.

Rússar hafa ekki farið í launkofa með þá vissu sína, að Bandaríkjamenn stjórni árásum með eldflaugakerfinu, Himar. En slíkum vopnum var einmitt beitt til að drepa rússnesku hermennina í Donetsk.

Bhadrakumar veltir því fyrir sér, hvort Rússar muni einnig færa sig upp á skaftið og beina skeytum sínum að bandarískum hermönnum í Úkraínu. Enn hefur enginn þeirra snúið heim í líkpoka af völdum Rússa, að talið er.

Það er greinilegur titringur hjá ráðamönnum Vesturveldanna. Alvöru innrás frá Rússum virðist yfirvofandi. Engu að síður hvetja Rússar enn til samninga, þrátt fyrir, að bæði Þjóðverjar og Frakkar hafi gengist við samningssvikum, þ.e. játað, að Minsk samkomulagið hafi einungis verið gert til að vígvæða Úkraínumenn í friði.

Bhadrakumar gerir nýlega grein stríðshaukanna, Condoleezza Rice og Robert Gates að umtalsefni, „Tíminn er ekki hliðhollur Úkraínumönnum“ (Time is not on Ukraine's side). Höfundar eru báðir meðal merkustu hugmyndafræðinga Bandaríkjamanna um drottnun landa sinna í veröldinni. Það kalla þeir og önnur vestræn stjórnvöld, þar á meðal þau íslensku, „regluvædd samskipti ríkja“ (rule based). Því telja þeir skiljanlega, að sigur Rússa í laumstríði Bandaríkjamanna og Nató muni verða álitshnekkir fyrir Bandaríkin og ógna „einmiðjuveröld“ (unipolar) þeirra.

En reyndar er að það svo, að Bandaríkjamönnum og bandamönnum þeirra fatast stöðugt í laumuleiknum og verða sífellt opinskárri. Því er nú orðið um opinbert

leyndarmál að ræða, enda þótt það hafi heitið falsfréttir og samsæriskenning fyrir nokkur síðan. Bhadrakumar segir:

„Rice og Gates gefa óbeint í skyn, að Rússar séu sigurstranglegrir, í blóra við sigri hrósandi frásagnir vestrænna ríkja. Það ber ekki á öðru en árásin, sem í vændum er af Rússa hálfu, valdi þeim taugatringi.“

Grein Rice og Gates hefur einnig skírskotun til nýlegra átaka í þinginu um kjör þingforseta. Sá hefur áður lýst sig andvígán óhóflegri aðstoð til Úkraínumanna. Erfiður þingforseti veldur Jósef vafalaust hugarangri. Hernaðarfjárlög í forsetatíð Jósefs nálgast nú eina trilljón dala.

Jósef leggur stöðugt meiri þrýsting á Nató um vopnasendingar til Úkraínu, sbr. yfirlýsingu þýska kanslarans, Olof Scholz, og Jósefs. Frakkar hafa einnig orðið fyrir sterkum þrýstingi frá bandarískum stjórnvöldum.

Fyrir skemmstu sendi Laura Cooper, varavarnarmálaritari (deputy assistant secretary of defense) út fréttatilkynningu, þar sem segir á þessa leið:

Að teknu tilliti til heildarhernaðarsjónarmiða verður seint lögð nóg samlega áhersla á þær skelfilegu afleiðingar, sem sigur Rússa í Úkraínu og herám, hefði í för með sér. [Það er raunar einber áróður, því Rússar hafa, fram að þessu, ekki lýst yfir fyrirætlan um að hertaka Úkraínu.] Það myndi hafa í för með sér mestu röskun landamæra í Evrópu, síðan annarri heimsstyrjöldinni lauk. Frammistaða okkar við að andæfa slíku hernámi, styðja og vernda úkraínsku þjóðina, mun fá hljómgrunn í Evrópu og veröldinni allri.

Skýrar játningar um eðli stríðsins komu frá Oleksii Reznikov, varnarmálaráðherra Úkraínu. Á leiðtogafundi Nató í Madrid í júní síðastliðnum, voru Rússar úthrópaðir sem mesti ógnvaldur bandalagsþjóða – Íslendingar eru þar meðtaldir. Þetta endurtók Oleksii í viðtali við úkraínska sjónvarpsstöð og sagði:

„Úkraínumenn eru í þann mund að gera þessa ógn að engu. Við göngum erinda Nató á líðandi stundu. Íbúar bandalagsins láta ekki blóði sínu. Það gerum við. Þess vegna ber þeim skylda til að útvega okkur vopn.“

Varnarmálaráðherrann er sigurviss og þess fullviss, að þegar sigur verði í höfn munu Úkraínumenn hljóta náð fyrir augum Nató og verða boðin aðild einu sinni enn:

„Þeir [Nató] eru kennarar okkar í dag, en á morgun munu liðsforingjar okkar, liðþjálfar, og jafnvel óbreyttir hermenn, kenna þeim, hvernig berja skal á Rússum. Rússar verða enn sem fyrr ógn við Nató og Evrópu alla.“

Frá eigin brjósti: Þrátt fyrir hávært stríðsæsingatal og daður Bandaríkjamanna við hugmyndina um að nota kjarnorkuvopn til að tryggja heimsveldi sitt, leyfi ég mér að vona, að sanngirni, siðvendni og ábyrgðartilfinning, fái hljómgrunn á vígstöðvunum eða almenningur velti stríðsbrjáluðum embættis- og stjórnámálamönnum úr sessi.

Það er nóturlegt til þess að vita, að þrátt fyrir aðvaranir skynsömustu og raunsæjustu stjórnámálamanna Bandaríkjamanna, skuli meingeitur í síðustu ríkisstjórnnum þeirra, í vitorði með Nató, hafa hrundið af stað hörmungunum í Úkraínu með þvergirðingshætti, illum ásetningi og samningsbrotum.

Það er átakanlegra en tárur taki, að þjóðhöfðingi „friðsamra“ Íslendinga og Alþingi sjálft, lýsi yfir gagnrýnislausum stuðningi við tortímingaröfl í Úkraínu, Íslendingum til ævarandi skammar. Það hefur t.d. vakið athygli blaðamannsins, Ron Ridenour, sem kunnugur er íslenskum stjórnámálum frá fornu fari. Í grein sinni um afstöðu Íslendinga hæðist hann beinlínis að Katrínu okkar allra og yfirlýstri friðsældarstefnu VG í samskiptum við önnur ríki.

Það bætir heldur ekki úr skák, að spilltir úkraínskir embættismenn auki stöðugt svartamarkaðsverslun með vopnin frá Vesturlöndum og bjóði þar með hættu á hryðjuverkum heim. Samtímis gerir úkraínska þingið nasistann, Stepan Bandera, að „þjóðardýrtingi,“ meðan úkraínska leynilögreglan – í samráði við þá bandarísku, samkvæmt uppskrift frá Vietnam - ofsækir, lemstar og drepur landsmenn sína, sem ekki fylgja nasistastjórninni að málum. Slava Ukraini!

Eftirmáli: Vafalaust hafa margir velt fyrir sér gildi vígstöðvanna við Bakhmut/Artyomsol. Bahmut hefur verið kölluð hermannahakkavélin. Þangað hafa Úkraínnumenn beint straumi hermanna sinna, sem margir hverjir eru óharðnaðir strákhvolpar. Nú hefur Volodymyr, eftir því sem best verður séð, viðurkennt ósigur þar, þ.e. í Soledar, sem er hluti svæðisins.

Skýringin kann að felast í mannvirkjunum neðanjarðar, því þarna eru saltnámur miklar, þar sem m.a. má birgja vopn, jafnvel heilu skriðdrekana. Um þær liggja líka járnbrautarteinar. Námurnar kynnu að hafa á móta hernaðargildi og stálverið,

Azovstal, í Maríupól. Af Rússa hálfu berjast þar aðallega leiguliðar hinnar rússnesku Wagner herdeildar undir stjórn Evgeny Prigozhin, skjólstæðings Vladimir Putin. Gárungarnir kalla hana stundum einkaher forsetans.

<https://scooptrade.com/underground-fortress-of-the-armed-forces-of-ukraine-what-is-the-complexity-of-the-assault-on-soledar/>

<https://covertactionmagazine.com/2022/06/17/does-iceland-set-benchmark-for-peaceful-and-politically-engaged-people/>

<https://thegrayzone.com/2022/04/17/traitor-zelensky-assassination-kidnapping-arrest-political-opposition/>

<https://www.moonofalabama.org/2023/01/ukrainian-defense-lines-and-what-happens-when-they-are-breached.html?fbclid=IwAR0sdACs8grpOIEymYbTodu3jx9ktQsw5RF2kvQ0kbN0T2VVw4hIMs5cjBs#more>

<https://peoplesdispatch.org/2023/01/05/ukraines-glorification-of-stepan-bandera-draws-criticism-even-from-key-ally/>

[https://covertactionmagazine.com/2023/01/12/the-waltz-of-the-bloody-clowns/?mc\\_cid=69acff3f0e&mc\\_eid=5cd1ec03b1](https://covertactionmagazine.com/2023/01/12/the-waltz-of-the-bloody-clowns/?mc_cid=69acff3f0e&mc_eid=5cd1ec03b1)

[https://korybko.substack.com/p/bidens-naval-secretary-confirmed?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/bidens-naval-secretary-confirmed?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://covertactionmagazine.com/2023/01/06/the-trillion-dollar-silencer/?mc\\_cid=ff0f624537&mc\\_eid=5cd1ec03b1](https://covertactionmagazine.com/2023/01/06/the-trillion-dollar-silencer/?mc_cid=ff0f624537&mc_eid=5cd1ec03b1)

<https://sonar21.com/what-is-ukraine-hiding-in-the-bakhmut-salt-mines/>

<https://www.defense.gov/News/Transcripts/Transcript/Article/3261666/pentagon-press-secretary-brigadier-general-pat-ryder-and-deputy-assistant-secre/>

[https://korybko.substack.com/p/russias-national-security-council?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/russias-national-security-council?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.msn.com/en-us/news/politics/kevin-mccarthy-may-have-just-won-himself-the-most-dysfunctional-congress-ever/ar-AA163YtT>

<https://www.youtube.com/watch?v=9Oqi0olprFg>

<https://www.defense.gov/News/Releases/Release/Article/3261263/more-than-3-billion-in-additional-security-assistance-for-ukraine/>

<https://sputniknews.com/20230107/bombshell-admission-ukraine-is-carrying-out-natos-mission-against-russia-defense-chief-says-1106118578.html>

<https://www.globaltimes.cn/page/202212/1282817.shtml>

<https://www.whitehouse.gov/briefing-room/statements-releases/2023/01/05/joint-press-statement-following-a-call-between-the-president-joe-biden-and-the-chancellor-of-the-federal-republic-of-germany-olaf-scholz/>

<https://www.washingtonpost.com/opinions/2023/01/07/condoleezza-rice-robert-gates-ukraine-repel-russia/>

[https://steigan.no/2023/01/usa-er-sa-fornoyd-med-stedfortrederkrig-at-de-vil-kopiere-erfaringene-i-ukraina-til-kinas-nabolag/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2023/01/usa-er-sa-fornoyd-med-stedfortrederkrig-at-de-vil-kopiere-erfaringene-i-ukraina-til-kinas-nabolag/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://covertactionmagazine.com/2022/04/25/cia-behind-secret-plots-to-kidnap-torture-and-assassinate-ukrainian-dissidents-for-president-zelensky-says-ukraine-defector/>

[https://steigan.no/2023/01/falskspillerne-kollektivt-forraederi/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2023/01/falskspillerne-kollektivt-forraederi/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://kyivindependent.com/national/hollande-there-will-only-be-a-way-out-of-the-conflict-when-russia-fails-on-the-ground>

<https://news.am/eng/news/738501.html>

<https://valdaiclub.com/about/experts/341/>

<https://caitlinjohnstone.com/2022/12/23/the-claim-that-the-ukraine-war-advances-us-interests-discredits-the-claim-that-its-unprovoked/>

<https://www.youtube.com/watch?v=VCJZvtKIwrU>

[https://twitter.com/RnaudBertrand/status/1498838459821166592?s%3D20%26t%3DI45c0tgzQzDHd0\\_3UyZEdw](https://twitter.com/RnaudBertrand/status/1498838459821166592?s%3D20%26t%3DI45c0tgzQzDHd0_3UyZEdw)

<https://twitter.com/RnaudBertrand/status/1498491107902062592>

<https://www.indianpunchline.com/nato-nuclear-compass-rendered-unavailing/>

<https://www.indianpunchline.com/in-ukraine-its-patriot-vs-iskander-for-now/>

<https://www.indianpunchline.com/ukraine-war-tolls-death-knell-for-nato/>

<https://www.indianpunchline.com/us-climbs-escalation-ladder-in-ukraine/>

<https://www.indianpunchline.com/bidens-existential-angst-in-ukraine/>